

# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2023 – lögð fram í febrúar 2023

## Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2023 verði 1.856.476.141 kr. samanborið við 2.047.356.106 kr. árið 2022. Hafa ber í huga að tekjur sambandsins árið 2022 hafa takmarkað samanburðargildi vegna einskisgreiðslna.

Meirihluti tekna KSÍ (73%) er í erlendri mynt og því skiptir gengi sem notað er í fjárhagsáætlun miklu máli. Að tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ samþykkti stjórn KSÍ að taka miðgildi af spá viðskiptabanka KSÍ (Landsbankans) og lokagengi Seðlabankans 31. desember 2022. Þetta var gert í ljósi þess að efnahagshorfur eru á þann veg að gengið á mynt muni lækka verulega á árinu. Gengi sem notað er í áætlun KSÍ fyrir árið 2023 er EUR 145,5 og USD 140. Venjan hefur verið að miða við skráningu gengis á lokadegi ársins eða miða við gengisspá viðskiptabanka KSÍ.

Yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur KSÍ árið 2023, samanborið við rauntölur 2022 og áætlun 2022:

| Rekstrartekjur                  | Áætlun 2023          | Raun 2022            | Áætlun 2022          |
|---------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Styrkir og framlög              | 1.101.225.100        | 1.060.931.496        | 1.071.902.246        |
| Tekjur af landsleikjum          | 156.890.035          | 207.669.768          | 195.400.000          |
| Sjónvarpsréttur                 | 415.022.000          | 504.600.317          | 359.050.381          |
| Aðrar rekstrartekjur            | 111.817.388          | 96.797.046           | 88.128.000           |
| Mótvægisstyrkur v Covid         | 0                    | 110.117.814          | 0                    |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar | 71.521.619           | 67.239.665           | 63.156.384           |
|                                 | <b>1.856.476.141</b> | <b>2.047.356.106</b> | <b>1.777.637.011</b> |

## Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, Íslenskum getraunum og ÍSí.

Árið 2023 er gert ráð fyrir 509 m.kr. frá UEFA í stað 684 m.kr. árið 2022. Framlag UEFA sveiflast milli ára, þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar karla eru annað hvert ár, og svo er misjafnt hversu mikið kemur úr HatTrick styrkjakerfi UEFA. Núverandi styrkjatímabil UEFA, HatTrick V, hófst árið 2020 og lýkur því á þessu ári. Árleg framlög UEFA til rekstrar eru allt að 2,4 milljónum evra, en þessi framlög eru háð því að ströngum skilyrðum sé fullnægt og ákveðin verkefni unnin, til að mynda varðandi samfélagslega ábyrgð og góða stjórnarhætti. KSÍ hefur ekki fullnægt öllum skilyrðum UEFA á síðustu misserum, til dæmis varðandi keppni í futsal. Á þessu fjögurra ára tímabili fjármagnar UEFA knattspyrnutengd verkefni fyrir 4,5 milljónir evra og strax árið 2020 var tekin til hliðar 1 milljón evra í mannvirkjasjóð KSÍ.

Í ár hefst nýr fjögurra ára styrkjahringur FIFA (*FIFA forward*). Árlegt framlag FIFA til rekstrar er 5 milljónir USD og á tímabilinu fjármagnar FIFA verkefni fyrir 3 milljónir USD. Á sama hátt og hjá UEFA er framlag FIFA bundið ströngum skilyrðum og hefur FIFA eftirlit með hvernig fjármunum er varið. Þetta eftirlit er á hendi alþjóðlegra endurskoðendafyrirtækja. Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 386 m.kr. árið 2023, samanborið við 160 m.kr. árið 2022.

Gert er ráð fyrir að greiðslur frá Getraunum og ÍSÍ verði svipaðar á milli ára, eða um 68 m.kr.

Í fjárhagsáætlun 2023 er ekki gert ráð fyrir framlagi úr Afrekssjóði ÍSÍ, en KSÍ hefur þegar fengið neitun á úthlutun fyrir þetta starfsár. KSÍ fékk síðast úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ árið 2017 (8,4 m.kr.). KSÍ hefur skoðað vel þær forsendur sem eru í reglugerð sjóðsins um skilgreiningu afreka og það er ljóst að KSÍ uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til að flokkast sem A sérsamband og fá úthlutun. Þær forsendur sem notaðar eru við höfnun á úthlutun til KSÍ eru heimildarákvæði og því er það ákvörðun ÍSÍ hverju sinni að neita KSÍ um úthlutun. Nú hefur ÍSÍ boðað endurskoðun reglugerðar um afrekssjóð og mun KSÍ nota hvert tækifæri til að koma sjónarmiðum knattspyrnuhreyfingarinnar á framfæri í þeirri vinnu enda er um sanngirnismál að ræða fyrir iðkendur í hreyfingunni.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði 138 m.kr. árið 2023. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningum og vörumerkjasmningum. Árið 2022 námu þessir styrkir 157 m.kr. og stafar þessi lækkun m.a. af því að einn samstarfsaðili KSÍ hættir um mitt ár 2023 og að ekki koma til bónusar frá samstarfsaðilum vegna stórmóta A landsliða á þessu ári.

### Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að tekjur af landsleikjum verði 156 m.kr. árið 2023 sem er lækkun frá áætlun 2022. Þessi munur skýrist að mestu leyti af þátttöku Íslands í úrslitakeppni EM A kvenna 2022. Árið 2023 er gert ráð fyrir 55-80% sætanýtingu (miðasölu) á heimaleiki A landsliðs karla. Nefna má að árið 2019 voru þessar tekjur 190 m.kr. Í tengslum við ársmiðasölu sem hefst nú í mars verður kynnt nýtt miðasölumódel og er markmiðið með því að fjölga áhorfendum á leiki og að auka tekjur til lengri tíma. Samhliða þessu verða kynntar ýmsar nýjungar sem ætlað er að bæta upplifun áhorfenda á Laugardalsvelli. Það eru sóknarfæri í tekjuöflun af heimaleikjum landsliðanna okkar, sem og að tryggja góðan stuðning við liðin okkar. Aðrar landsleikjatekjur samanstanda af heimaleikjum A landsliðs kvenna, heimaleikjum U21 landsliðs karla og útileikjum A landsliðs karla og eru samtals um 19 m.kr.

### Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir heimaleiki A landsliðs karla til UEFA frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. er að KSÍ er skuldbundið til að leika 40 A landsleiki karla (10 leiki á ári) á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ ennfremur ábyrgð á því að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir. Einnig má nefna að framsal þessara réttinda hefur takmarkandi áhrif á tekjumöguleika KSÍ hvað varðar heimaleiki A landsliðs karla.

## Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 111 m.kr. árið 2023 samanborið við 96 m.kr. árið 2022. Þetta eru t.d. tekjur af mótum, fræðslunámskeiðum og húsaleigu.

## Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2023 rúmar 71 m.kr. Þar veða þyngst greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þar fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025.

## Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2023 verði 1.736.111.272 kr., samanborið við 1.748.494.736 kr. árið 2022.


## Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun 2023 er ekki gert ráð fyrir þátttöku Íslands í úrslitakeppni en ef íslensk landslið vinna sér sæti í úrslitakeppni á árinu verður lögð fram sérstök áætlun fyrir þau verkefni.

Hér má sjá sundurliðun á áætluðum kostnaði landsliða árið 2023, borið saman við raunkostnað 2022 og 2021, en hafa ber í hug að heimsfaraldur Covid hafði áhrif á verkefnafjölda landsliða árið 2021.

|                                  | Áætlun<br>2023     | Raun<br>2022       | Raun<br>2021       |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| A-landslið karla                 | 311.911.408        | 319.172.668        | 347.677.427        |
| U-21 landslið karla              | 76.818.899         | 74.560.747         | 70.701.778         |
| U-19 landslið karla              | 42.583.511         | 40.600.757         | 29.792.390         |
| U-17 landslið karla              | 32.045.911         | 33.173.174         | 27.722.795         |
| A-landslið kvenna                | 212.310.347        | 307.411.726        | 161.607.170        |
| U-23 landslið kvenna             | 9.417.860          | 5.637.729          | 0                  |
| U-19 landslið kvenna             | 41.202.861         | 34.476.088         | 19.946.091         |
| U-17 landslið kvenna             | 43.717.381         | 43.417.317         | 26.123.634         |
| Hæfileikamótun                   | 36.199.882         | 38.287.535         | 27.206.139         |
| Sameiginlegur landsliðskostnaður | 38.237.500         | 34.889.336         | 30.755.050         |
|                                  | <b>844.445.559</b> | <b>931.627.077</b> | <b>741.532.474</b> |

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir 93 landsleikjum sem er fjölgun um fjóra leiki frá fyrra ári. Landslið Íslands leika a.m.k. 40% færri yngri landsleiki en samanburðarlönd okkar og færri leiki en t.d. landslið Íslands í körfuknattleik (samanburður á leikjafjölda KSÍ og KKÍ árið 2022). Bæði UEFA og FIFA hafa ítrekað bent KSÍ á að fjölgun yngri landsleikja sé forsenda þess að Ísland nái að halda í þá framþróun sem á sér stað í flestum samanburðarlöndum okkar.



Í sameiginlegum landsliðskostnaði, sem er áætlaður 38 m.kr. árið 2023 eru m.a. liðir eins og eFótbolti, búningar, þvottur, sjúkrahöndur, tæknibúnaður, sjúkraskráningarkerfi KSÍ og kostnaður við heilbrigðismál.

### Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður hækki á milli ára, úr 245 m.kr. í 260 m.kr. Gert er ráð fyrir fjölgun leikja í til dæmis Bestudeild kvenna, Lengjudeild karla, Bikarkeppni neðri deilda karla. Kostnaður við dómara vegur þyngst í mótakostnaði, eða 80%, en áætlaður kostnaður við dómaramál er 209 m.kr. Fjölgað hefur verið um eitt stöðugildi í dómaramálum, en meðal helstu verkefna nýs starfsmanns á því sviði er að fjölga dómurum um allt land, koma til móts við fjölgun leikja í deildum og auka gæði dómgaeslu á öllum stigum.

### Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 60 m.kr. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn og ferðakostnaður.

### Skrifstofu- og rekstrarkostnaður

Í skrifstofu- og rekstrarkostnaði í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 20 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu. Í upphafi ársins 2023 var ráðið í starf leyfisstjóra og áður hefur verið nefnt nýtt starfsgildi í dómaramálum. Leyfisstjóri mun hafa það hlutverk að þjónusta í meira mæli aðildarfélag innan leyfiskerfis KSÍ og félög sem hafa unnið sér þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða. Leyfisstjóri mun einnig fara með umsjón mannvirkjamála. Með þessu skrefi er stefnt að aukinni framþróun kerfisins m.t.t. þarfa

Íslenskrar knattspyrnu. Þá verði nýttir að fullu þeir möguleikar sem felast í leyfiskerfi fyrir íslenska knattspyrnu í eldri og yngri flokkum. Einnig er stefnt að reglulegri gagnavinnslu og úrvinnslu tölfraeðiupplýsinga ásamt reglubundnum úttektum á knattspyrnuvöllum o.fl. Að öðru leiti er vísað í umfjöllun um starfsmannamál í ársskýrslu KSÍ.

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2023 rúmar 311 m.kr.

Gert er ráð fyrir því að annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 86 m.kr. árið 2023. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 28 m.kr, aðkeypt sérfræðiaðstoð 19 m.kr., fundakostnaður 12,5 mkr. Árið 2021 hófst vinna við að skoða innleiðingu á nýju mótakerfi fyrir KSÍ. Gert er ráð fyrir því að sú vinna haldi áfram árið 2023.

### Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 23 m.kr. árið 2023. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

### Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 105 m.kr. Rekstrargjöld vallarins sveiflast á milli ára í samræmi við fjölda leikja á vellinum, en gert er ráð fyrir 11 leikjum árið 2023. Helstu kostnaðarliðir við rekstur vallarins eru launakostnaður, öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

### Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði 121 m.kr. sem er sambærilegt við áætlun ársins 2022. Halda á áfram vinnu við endurskoðun forsenda til úthlutunar barna-og unglíngastyrks ársins 2023, en gert er ráð fyrir að upphæð styrksins haldist óbreytt, þ.e. 50 m.kr. Gert er ráð fyrir því að leyfisgreiðslur til félaga verði 20,5 m.kr, sjónvarpsgreiðslur og verðlaunafé verði 28,9 m.kr. og ferðapátttökugjald verði 22 m.kr.

### Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir 23 m.kr. hagnaði árið 2023. Við gerð rekstraráætlunar 2023 var litið til rekstrar sambandsins til loka ársins 2026 og þær sveiflur sem einkenna rekstrarumhverfi sambandsins metnar. Það er óbreytt markmið KSÍ að halda áfram að þróa rekstur sambandsins með stöðugleika og sjálfbærni að leiðarljósi.